

REGLUGERÐ

87

29. ágúst

um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar eru hvarvetna bannaðar innan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við grunnlínu, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958.

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal frá 1. september 1958 heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelgi við Ísland, en þó utan við línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við grunnlínu, sbr. næstu málsgrein hér á undan, með þeim takmörkunum, sem gerðar eru hér á eftir:

A. Norður- og Norð-Austurland.

Frá 21°20' v. lg. að línu, sem dregin er í réttvísandi norð-austur frá Ósfles sunnan Héraðsflóa, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er 8 sjómílar utan við grunnlínu, svo og við Grímsey og Kolbeinsey innan við 8 sjómílna línu frá grunnlínu.

B. Austurland.

Frá línu sem dregin er í réttvísandi norð-austur frá Ósfles að línu, sem dregin er í réttvísandi suð-austur frá Hvítungum, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. maí til 30. nóvember.

C. Suð-Austurland.

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi suð-austur frá Hvítungum að línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Ingólfshöfða, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 1. janúar til 15. maí.

D. Suðurland.

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Ingólfshöfða að línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Kötlutanga, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er sex sjómílar utan við grunnlínu, á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.

Frá 20° v. lg. til 21° v. lg. eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí, svo og innan við línu, sem dregin er milli staðanna 63°19,5' n. br., 21° v. lg. til 63°30,7' n. br., 21°15,3' v. lg., á sama tíma.


Frá 21°15,3' v. lg. til 22°52' v. lg. eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er átta sjómílar utan við grunnlínu, á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.

E. Suð-Vesturland, Faxaflói og Breiðafjörður.

Frá 22°52' v. lg. að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, skulu botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.

Einnig skulu slíkar veiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 64°52' n. br. að Bjargtöngum á tímabilinu frá 15. október til 31. desember.

B 26



F. Vestfirðir.**87**

29. ágúst

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að 21°20' v. lg., eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar óheimilar innan fiskveiðilandhelginnar allt árið.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnins, og ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ**88**

25. júlí

fyrir vistheimilið í Breiðuvík.

1. gr.

Stjórn vistheimilisins er í höndum þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar. Ráðherra skipar einnig forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar. Annað starfsfólk ræður stjórnarnefnd heimilisins í samráði við forstöðumann.

2. gr.

Heimilið er fyrir drengi, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstígum. Barnaverndarnefndir og skólanefndir eða eftir atvikum barnaverndarráð ákveða, að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir vist hljóti á heimilinu.

3. gr.

Áður en dreng er veitt viðtaka á heimilið, skal stjórnarnefndin kynna sér aðstæður allar í máli hans, þ. á m. hver sé afstaða foreldra hans eða forráðamanna til vistarinnar.

Þá skal nefndin gæta þess, að lækni rannsaki rækilega heilsufar drengsins og sömuleiðis þess, að sálfræðingur hafi áður athugað hann, ef þess er nokkur kostur.

Skal eftirrit af umsögnum þessara sérfræðinga, svo og umsögn barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs) um drenginn sendast forstöðumanni heimilisins.

4. gr.

Vistdrengjum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal í vistheimilinu vera kennari allt árið, sem annist kennsluna og aðstoði við uppeldisstörf á heimilinu. Vistdrengjum skal séð fyrir nauðsynlegum tækjum til íþróttaiðkana.